



307. Stjórnarfundur haldinn 28. febrúar 2008 kl:17:10

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ umsóknar okkar í verkefnasjóð UMFÍ v/heimasíðu. Erindinu var hafnað. Aðalstjórn lýsir yfir vonbrigðum með niðurstöðu sjóðsins.

Bréf frá ÍSÍ v/ kynningar á viðburðum á vegum ÍSÍ. Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna og Sjóvá Kvannahlaupið.

3. Send bréf.

Engin.

4. Aðalfundir deilda og félagsins.

Farið yfir fundargögn. Ellert Eiríksson hefur gefið kost á sér sem fundastjóri. EH kynnti innihald skýrslu stjórnar og reikninga. Stjórnarmenn sátir með niðurstöðuna og telja frágang góðann. EH fór yfir stjórnarsamþykkt um veitingar á heiðursmerki Keflavíkur. Hafsteinn Guðmundsson gullmerki. Ástráður Gunnarsson, Rúnar Arnarsson, Gísli H. Jóhannsson, Hafsteinn Ingibergsson og Ragnar Ö. Pétursson silfurmerki. Tvö starfsmerki fyrir tíu ára stjórnarsetu silfurmerki þeim Birgi Má Bragasyni og Bjarneyju S. Snævarsdóttur. Fjögur bronsmerki þeim Jóni S. Ólafssyni, Særúnu Guðjónsdóttur, Jónínu S. Helgadóttur og Ásgeiri Svan. Starfsbikar félagsins en hann fær Þórólfur Þorsteinsson. Aðalstjórn hefur lagt til við UMFÍ að veita tvö starfsmerki þeim Níels Hermannssyni og Dagbjörtu Ýr Gylfadóttur.

5. Önnur mál.

PMG fimmtugur. Stjórnin óskar honum til hamingju með þennan merka áfanga og færði honum áritað úr.

B.S.S. kjörinn í stjórn Sundsambands Íslands á nýloknu sundþingi.

EH sagði frá símtali sem hann fékk frá fyrrum þjálfara knattspyrnudeildar félagsins Velimír Sargic þar sem hann er að leita eftir styrk vegna læknishjálpar. **Aðalstjórn samþykkir að veita Velimír Sargic styrk að upphæð fimmtíu þúsund krónur.** Einnig hefur aðalstjórn haft milligöngu á styrk til Velimirs frá tveimur fyrirtækjum og einum einstaklingi að upphæð eitthundrað og tíu þúsund krónur.

Næsti stjórnarfundur ekki ákveðin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00

